

Langanesbyggð  
Langanesvegur 2  
680 Þórshöfn

Reykjavík, 17. apríl 2023  
UST202304-085/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 og nýtt deiliskipulag fyrir veiðihús í landi Tungusels**

Vísað er til erindis Langanesbyggðar er barst 12. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 og nýtt deiliskipulag fyrir veiðihús í landi Tungusels.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreindur er landnotkunarreitur fyrir verslun og þjónustu (VP) fyrir veiðihúss í landi Tungusels. Auk þess segir að skoða þarf hvort þörf er á að skilgreina nýtt efnistökusvæði í breytingunni.

Auk þess kemur fram að fyrirhugað deiliskipulagssvæði er um 2,1 ha. Deiliskipulagssvæðið afmarkast í vestri af bökkum Hafralónsár og nær u.þ.b. 150 metra til austurs frá ánni. Skipulagssvæðið er staðsett milli Hafralónsár og Tungnár. Einnig kemur fram að viðfangsefni deiliskipulagsins er að skilgreina lóðarmörk, byggingarreiti, skilmála um byggingarmagn og útlit bygginga, skilgreina aðkomu að svæðinu, bílastæði, stígakerfi og fleira.

### **Umhverfi og staðhættir**

#### *Votlendi*

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins (sbr. mynd 3) er votlendi <sup>1</sup> sem felur undir sérstaka vernd skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að

---

<sup>1</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og það þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Auk þess þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á votlendi í umhverfismati.

#### *Vistgerðir og fuglalíf*

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Einnig þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vistgerðir og fuglalíf í umhverfismati.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

#### **Efni lýsingar og umhverfismat**

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.2.3. gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 er fjallað er um efni lýsingar þar sem segir m.a. að lýsingu skal gerð grein þeim þáttum í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun bendir á að hefði verið ákjósanlegt að fjallað hefði verið um í lýsingu helstu einkenni og aðstæður á skipulagssvæðinu og hvernig staðið verður að frekari gagnaöflun og greiningu forsendna og umhverfismati deiliskipulagsins skv. 5.4. gr. reglugerðarinnar. Auk þess hefði verið æskilegt að það kæmi fram í lýsingu hvaða umhverfispætti ætti að skoða í umhverfismati, hvaða matsspurningar séu lagðar fram og hvaða umhverfisviðmið séu höfð til hliðsjónar. Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu áhrifaþættir vistgerðir, votlendi, fuglalíf, ásýnd og landslag.

Samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar<sup>2</sup> eru umhverfisviðmið skilgreind sem umhverfisverndarmarkmið í stefnu stjórnvalda og viðmiðunarmörk í reglugerðum, lagaákvæðum eða alþjóðasamningum, sem umhverfisáhrif stefnumiða áætlunar eru borin saman við, svo hægt sé að taka afstöðu til vægis tiltekinna umhverfisáhrifa.

---

<sup>2</sup> <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Björn Stefánsson

***sérfræðingur***